

Nd.

30. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherrar skulu vera þrír.
Akveður konungur starfssvið þeirra.

2. gr.

Ráðherrar hafa 8000 kr. í árslaun. Auk þess skal sá ráðherrann, sem er forseti ráðuneytisins, hafa leigulausan bústað og 2000 kr. í risnufje á ári.
Kostnaður af embættisferðum ráðherra úr landi og dvöl þeirra erlendis greiðist úr landssjóði.

3. gr.

Landritaraembættið legst niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.